

Miðvikudaginn 5. júní 1963.

Nr. 36/1963. **Ákærvaldið**

(Saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)

gegn

Sigurði Arnbjörnssyni

(Kristján Eiríksson hrl).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómaramirnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds yfirborgardómari.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða eru í héraðsdómi rétt færð til refsíákvæða.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár.

Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Arnbjörnsson, sæti fangelsi tvö ár.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5000.00, og málflutningslaun verjanda síns í Hæstarétti, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1963.

Árið 1963, miðvikudaginn 13. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið var á Fríkirkjuvegi 11 af Þórði Björnssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 586/1963: Ákærvaldið gegn Sigurði Arnbjörnssyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 19. júní s.l., er opinbert

mál höfðað á hendur Sigurði Arnbjörnssyni, til heimilis á Týsgötu 5, hér í borg, „fyrir að beita Christian Christiansen, kaupmann, Klömbrum, svikum hinn 7. apríl 1962, með því að koma til hans í Kjötubúð Norðurmýrar í Reykjavík og segjast ætla að greiða honum 400.00 króna lán, sem hann (Sigurður) hafði fyrir um daginn fengið hjá honum gegn handveði í úri sínu, taka svo úrið og hlaupast á brott með það án greiðslu skuldarinnar, þegar Christiansen hafði lagt það á afgreiðsluborðið í til efni af viðskiptum þessum.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Ennfremur er með ákæru saksóknara, dags. 11. f. m., opinbert mál höfðað á hendur sama Sigurði Arnbjörnssyni „fyrir svik og skjalafals, svo sem hér segir:

I. Að fara föstudaginn 7. desember 1962 síðdegis í Gleraugnaverzlun Ingólfs S. Gíslasonar, Skólavörðustíg 5 í Reykjavík, og blekkja afgreiðslumanninn þar til að selja sér án staðgreiðslu sjónauka, sem kostaði kr. 4106.00, með því að segjast vera stýrimaður á m/s Hvassafelli, sem væri á förum þá um kvöldið, og með öðrum ósannindum.

II. Að blekkja Agnar Breiðfjörð framkvæmdastjóra, Lauga-teigi 27 í Reykjavík, sunnudaginn 9. desember 1962, til að lána sér kr. 410.00, með því að segjast vera Jón Bjarnason, flugmaður hjá Loftleiðum og með öðrum ósannindum. Framkvæmdastjórinn lét ákærða fá nefnda upphæð í tékka, E. nr. 35853 á hlaupareikning nr. 604 í Iðnaðarbanka Íslands h/f, stíluðum á Jón Bjarnason, og framseldi ákærði tékkann, með því að rita það nafn á bakhlið hans. Tékkann notaði ákærði til greiðslu andvirðis vara í verzluninni Ísbjörg, Laugavegi 72 í Reykjavík, og fékk mismun vöruandvirðisins og tékkafjárhæðarinnar greiddan í peningum.

III. Að blekkja hjónin Guðnýju Þórðardóttur og Svein Guðjónsson, Hátúni 4 í Reykjavík, sunnudaginn 9. desember 1962 upp úr hádegi til að lána sér kr. 500.00, með því að segjast vera Gunnar, flugmaður hjá Loftleiðum, og með öðrum ósannindum.

IV. Að blekkja Jón Brynjólfsson verkfræðing, Bárugötu 20 í Reykjavík, sunnudaginn 9. desember 1962, þegar þeir hittust í Múlakaffi í Reykjavík, til að lána sér kr. 500.00, með því að segjast vera Jón, flugstjóri hjá Loftleiðum (Björnsson, Guðbjörnsson, Guðbergsson) og með ýmsum öðrum ósannindum.

V. Að blekkja Önnu Svanhildi Daniélsdóttir húsfreyju, Leifsgötu 30 í Reykjavík mánudaginn 10. desember 1962 síðdegis, til að lána sér kr. 220.00, með því að segjast vera Finnbofi Thors flugmaður og með ýmsum öðrum ósannindum.

VI. Að fara til Tryggva Björnssonar, yfirverkstjóra hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. á Akranesi, aðfaranótt sunnudagsins 16. desember 1962 og segjast hafa fyrir nokkrum árum verið skipstjóri á einum báta fyrirtækisins, þekkja Harald Böðvarsson útgerðarmann mæta vel og vera þarna kominn í vinnu samkvæmt símtali við hann, sem hefði lofað honum herbergi og greiðslu ökugjalds með leigubifreið. Á þessum forsendum greiddi yfirverkstjórinn fyrir ákærða ökugjald, kr. 1000.00, hóteldvöl, kr. 292.00, og kr. 50.00 upp í væntanlegt kaup, en ákærði kom aldrei til vinnu og var öll framangreind saga hans ósönn, að því undanskildu, að útgerðarmaðurinn hafði lofað ákærða vinnu hjá sér.

VII. Að blekkja Samúel Guðmundsson sjómann, Suðurgötu 17 á Akranesi, sunnudaginn 16. desember 1962 síðdegis til að lána sér kr. 325.00, með því að segjast vera Jón Kristjánsson, skipstjóri á m/b Freyju.

VIII. Að blekkja hjónin Aldísi Jónsdóttur og Björn Lárússon, Sunnubraut 12 á Akranesi, sunnudaginn 16. desember 1962, til að lána sér kr. 400.00, með því að segjast vera Jón Kjartansson skipstjóri og með öðrum ósannindum.

IX. Að blekkja hjónin Guðrúnu Jóhannesdóttur og Jón Pétursson, Vesturgötu 77 á Akranesi, að kvöldi sunnudagsins 16. desember 1962, til að lána sér kr. 1000.00, með því að segjast vera á m/b Höfrungi og bróðir Páls yfirlæknis Gíslasonar og með öðrum ósannindum.

Atferli ákærða, sem greint er í framanskráðum ákæruliðum I.—IX., þykir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og auk þess þykir atferlið, sem greint er í ákæruliði II, varða við 155. gr. sömu laga.“

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. marz 1929 á Hvammstanga, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1945 18/10 í Húnavatnssýslu: Sátt, 50 kr. sekt fyrir öläði.

1948 30/7 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1947 3/6 í Húnavatnssýslu: Dómur aukaréttar, 15 daga varðhald, skilorðsbundið í 3 ár, og 100 kr. sekt fyrir brot gegn XXV. kafla hegningarlaga og 18. gr. laga nr. 33/1935.
- 1948 6/4 í Húnavatnssýslu: Dómur sama réttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. með hliðsjón af 245. gr. hegningarlaga.
- 1948 28/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 18/9 í Reykjavík: Dómur aukaréttar, 10 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
- 20/9 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 111. gr. 2. mgr. hegningarlaga.
- 1949 2/2 í Reykjavík: Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1950 28/1 í Keflavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum.
- 1/9 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244., 245. og 248. gr. hegningarlaga.
Skaðabætur kr. 1079.50 í sama máli.
- 1952 15/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaga.
- 12/5 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisлага.
- 1952 29/11 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi og sviptur rétti til að öðlast ökuskírteini ævilangt fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaga, áfengislögum og bifreiðalögum.
- 1953 22/5 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
- 1954 4/6 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.

- 26/9 á Keflavíkurlflugvelli: Sátt, 500 kr. sekt fyrir toll-lagabrot.
- 1956 7/2 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlagna. Staðfestur í Hæstarétti 14/3 1956.
- 15/9 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. hegningarlagna.
- 23/11 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar: 1 árs fangelsi, annað óbreytt.
- 14/12 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 248. og 245. gr. hegningarlagna.
- 1958 6/2 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 155. og 248. gr. hegningarlagna.
- 1959 30/10 í Reykjavík: Dómur: 12 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 248. gr. hegningarlagna.
- 1962 23/3 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 10 mánuði fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlagna.
- 30/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 5/4 í Reykjavík: Sátt, 200 sekt fyrir ölvun.

Samkvæmt eigin játningu og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Um kl. 11 laugardaginn 7. apríl s.l. kom ákærði inn í Kjöt-búð Norðurmýrar hér í borg og bað kaupmanninn, Christian Christiansen, Klömbrum við Rauðarárstíg, um að lána honum kr. 400.00. Gat ákærði þess um leið, að kona sín verzlaði þarna ávallt, en það var tilbúningur og var hann ókvæntur á þeim tíma. Ákærði tók fram úr sitt og bauð kaupmanninum það að handveði til kl. 14 sama dag, en þá ætlaði hann að endurgreiða honum lánið. Kaupmaðurinn trúði orðum ákærða og lánaði honum kr. 400.00. Um kl. 14 kom ákærði aftur í verzlunina og sagði kaupmanninum, að hann ætlaði sér að endurgreiða lánið. Náði kaupmaðurinn þá í úrið og setti það á borðið. Greip ákærði úrið og hljóp með það á brott úr verzluninni, án þess að endurgreiða lánið.

II.

Föstudaginn 7. desember s.l. var ákærði peningalaus hér í borginni. Fór hann þá inn í gleraugnaverzlun Ingólfs S. Gíslasonar á Skólavörðustíg 5 og var Bergsteinn Stefánsson gleraugnasérfræðingur, Stigahlíð 36, hér í borg, við afgreiðslu þar. Ákærði kvaðst vera 1. stýrimaður á m/s Hvassafelli og þurfa að kaupa sjónauka, áður en hann færi út á sjó þá um kvöldið. Kvaðst hann að vísu hafa lélegan sjónauka um borð í skipinu og þar eð hann hefði áður lent í vandræðum af þeim ástæðum, þyrði hann ekki annað en að vera með sjónauka, sem væri „garenteraður“. Óskaði hann eftir því að fá í verzluninni Jena sjónauka, 7×50 mm, sem kostaði kr. 4.106.00, og kvað móður sína, Gunnþórunni Sigurðardóttur, mundu greiða verð hans um miðjan mánuðinn. Var þetta allt tilbúningur hjá ákærða, nema nafn móður hans, sagður í því skyni að blekkja Bergstein. Hann trúði orðum ákærða og lét hann fá greindan sjónauka, og kvittaði ákærði fyrir móttöku hans með nafni sínu.

Sama kvöld seldi ákærði sjónaukann Þórhalli Guðlaugssyni, Traðarkotssundi 3, hér í borg, á kr. 1.800.00 og eyddi síðan peningunum í áfengiskaup og bifreiðaaakstur.

Sjónaukanum hefur nú verið skilað í gleraugnaverzlunina og hefur fyrrgreindur Bergsteinn endurgreitt Þórhalli nefndar kr. 1.800.00.

III.

Sunnudaginn 9. desember s.l. var ákærði peningalaus hér í borginni. Knúði hann þá dyra hjá Agnari Guðmundssyni Breiðfjörð framkvæmdastjóra, Laugateigi 27, og hitti hann. Kvaðst ákærði heita Jón Bjarnason og vera flugmaður hjá Loftleiðum. Bað hann Agnar Guðmundsson um að lána honum kr. 410.00, sem hann hefði verið búinn að lofa að greiða manni þann sama dag. Kvaðst hann að vísu eiga peninga heima hjá sér, en ekki geta farið þangað vegna þess að hann væri að skilja við konu sína, sem hefði verið honum ótrú, en lánið gæti hann endurgreitt strax næsta morgun. Voru þetta allt ósannindi hjá honum og sögð í því skyni að afla fjárins. Agnar Guðmundsson trúði orðum ákærða og lét hann fá nefnda fjárhæð í tékka, gefnum út á hlaupareikning nr. 604 í Iðnaðarbanka Íslands h.f. til handa Jóni Bjarnasyni.

Ákærði seldi síðan tékkann Raket Loftsdóttur, Njálsgötu 12,

hér í borg, sem rak þá verzlunina Ísbjörg á Laugavegi 72, og falsaði um leið nafnið Jón Bjarnason sem framseljanda hans. Ákærði kveðst engan sérstakan Jón Bjarnason hafa haft í huga og kveðst hann ekki hafa reynt að breyta rithönd sinni við ritun þess nafns. Ákærði greiddi andvirði vara með tékkanum og fékk mismuninn á verði þeirra og tékkafjórðungi greiddan í reiðufé, en man ekki, hver sá mismunur var. Hann notaði bæði varninginn og reiðuféð í eigin þágu.

Rakel Loftsdóttir fékk tékkan ekki greiddan í bankanum, því að Agnar Guðmundsson hafði fengið eftirþanka og tilkynnt bankanum að innleysa ekki tékkann. Kærði Rakel þá málið til lögreglunnar og sama dag greiddi Agnar Guðmundsson henni tékkafjórðungi.

IV.

Skömmu eftir hádegi sunnudaginn 9. desember s.l. skorti ákærða fé hér í borginni. Knúði hann þá dyra á 1. hæð í Há-túni 4, þar sem hjónin Sveinn Guðjónsson og Guðný Þórðardóttir bjuggu. Þau voru heima og gaf ákærði sig á tal við þau. Kvaðst hann heita Gunnar og vera flugmaður hjá Loftleiðum. Jafnframt kvaðst hann vera að skilja við konu sína og því farið að drekka og ekki geta flogið af þeim sökum. Kvaðst hann þurfa að greiða eitthvað, en nefndi ekki hvað það var, og hefði hann ekki peninga til þess. Spurði hann Svein að því, hvort hann gæti lánað honum kr. 500.00, sem hann skyldi endurgreiða kl. 18 sama dag.

Var þetta allt tilbúningur hjá ákærða og sagður í því skyni að afla fjárens. Sveinn kvaðst ekki hafa peninga og vísaði ákærða á Guðnýju. Hún trúði orðum ákærða og lánaði honum fyrrgreinda fjórðungi, sem hann eyddi síðan í áfengiskaup og bifreiðaakstur.

V.

Sunnudaginn 9. desember s.l. fór ákærði inn í Múlakaffi, hér í borg, og skorti þá fé. Gaf hann sig þar á tal við Jón Brynjólfsson verkfræðing, Bárugötu 20, hér í borg, og kvaðst heita Jón Björnsson og vera flugstjóri hjá Loftleiðum. Síðar kom ákærði að borði Jóns og sagði honum sína raunasögu. Kvaðst hann konu sína hafa svikið sig þá um kvöldið og væri hún nú farin burt með öðrum manni, sem væri róni. Kvaðst hann hafa á fjórða hundrað þúsund krónur í árstekjur, og eiga heima

í eigin húsi, Ægissíðu 74, en eigi að síður væri hann óhamingjusamur maður vegna konunnar. Hann kvaðst eiga börn og vera einkum órólegur þeirra vegna. Spurði hann Jón að því, hvort hann vissi um nokkurn, sem vildi taka börn fyrir 250 þúsund króna meðlag á ári. Kvaðst hann vera í öngum sínum og hefði hann tekið eina af þremur skammbyssum úr flugvélinni og væri hann með hana fullhlaðna í vasanum. Fór hann síðan burt frá borði Jóns, en kom aftur að nokkurri stundu liðinni. Kvaðst hann þá hafa látið konu eina, sem ynni í veitingastaðnum, fá byssuna, en bifreiðarstjóra magasínin, og hefði hann gert þetta fyrir orð Jóns. Þessi og fleiri ósannindi sagði ákærði honum í því skyni að hafa fé út úr honum. Bað ákærði, sem kvaðst nú heita Jón Guðbjörnsson og enn síðar Jón Guðbergsson, hann um að lána honum kr. 500.00 fyrir bifreið, sem stóð þarna fyrir utan. Jón færðist í fyrstu undan því, en féllst þó á það að lokum, þar sem hann sá aumur á ákærða. Ritaði Jón síðan svohljóðandi skuldaryfirlýsingu: „Ég undirritaður, Jón Guðbergsson, flugstjóri hjá Loftleiðum, tek hér með að láni kr. 410.00, sem greiðast 10. des. '62.“ Ákærði ritaði nafnið Jón Bergs. undir yfirlýsinguna og afhenti Jóni. Jafnframt varð úr, að Jón veitti honum kr. 500.00 að láni. Ákærði þakkaði Jóni síðan með fögrum orðum hans miklu huggun og hjálp og kvaðst að lokum biðja guð að hjálpa sér til að forða því, að hann gerði nokkra vitleysu í sambandi við konumissinn. Ákærði hvarf því næst á brott í leigubifreið sinni og eyddi fyrrgreindum kr. 500.00 í bifreiðaaakstur og áfengis kaup.

VI.

Eftir hádegi mánudaginn 10. desember s.l. var ákærði peningalaus hér í borginni. Knúði hann þá dyra hjá Önnu Svanhildi Danielsdóttur á Leifsgötu 30, og var hún heima. Kvaðst ákærði heita Finnbogi Thors og vera flugmaður. Einnig sagði hann, að maður hennar, sem var ekki heima, þekkti hann og hefði hann komið áður heim til þeirra. Voru þetta ósannindi og sögð í því skyni að hafa fé út úr henni. Ákærði bað hana um að lána sér kr. 220.00, en hún kvaðst ekki vera vön að lána peninga og spurði, hvaða tryggingu hún hefði fyrir því, að hann endurgreiddi lánið. Hann kvað hana hafa orð hans fyrir því, og væri hann ekki vanur að svíkja fólk og kvaðst mundu koma aftur með peningana kl. 18 til 19 um kvöldið. Hún trúði honum og lánaði honum kr. 220.00. Jafnframt bað hún hann

um veð, og fór hann þá úr jakka sínum og afhenti henni. Ákærði eyddi síðan peningunum í óreglu.

VII.

Laust eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags 16. desember s.l. kom ákærði í leigubifreið til Akraness úr Reykjavík. Hitti hann þegar að máli Tryggva Björnsson, yfirverkstjóra hjá fyrirtækinu Haraldi Böðvarssyni & Co., til heimilis á Höfðabraut 6, og kvaðst vera kominn til vinnu samkvæmt símtali við Harald Böðvarsson og hefði hann lofað honum herbergi og að greiða fyrir hann leigu bifreiðarinnar. Jafnframt kvaðst ákærði hafa verið skipstjóri á einum af bátum Haraldar fyrir nokkrum árum og þekkja hann mæta vel. Var þetta allt tilbúningur hjá ákærða, nema það, að Haraldur hafði lofað honum vinnu hjá sér, og enn fremur kveður ákærði, að Haraldur hafi lofað honum „fyrirgreiðslu um leigubifreiðina“. Tryggvi trúði orðum ákærða og greiddi fyrir hann bifreiðaleiguna, kr. 1000.00, og kom honum fyrir á Hótel Akranesi. Sagði hann honum svo að mæta til vinnu eftir kl. 8 næsta morgun. Ákærði gerði það, en kvaðst þá vera slæmur í handlegg og bað um frí til að fara til læknis. Fékk hann fríið og kom síðan aldrei til vinnu. Hafði Tryggvi þá greitt honum kr. 50.00 upp í væntanlegt kaup, en hótélreikningur ákærða, sem áður greint fyrirtæki greiddi, nam kr. 292.00.

VIII.

Fram kemur í VII. kafla, að ákærði fékk frí frá vinnu til að fara til læknis vegna þess að hann kvaðst vera slæmur í handlegg. Á leiðinni þangað kveðst hann hafa hitt einhvern sjómann, sem hafi gefið honum áfengi. Hafi þeir drukkið saman um hálfá flösku, og að því loknu hafi hann munað ógreinilega eftir sér. Hann hafi síðan farið til læknisins og þaðan niður í frystihús Haraldar Böðvarssonar & Co. Þar hitti hann um kl. 13.30 Samúel Guðmundsson sjómann, Suðurgötu 17, Akranesi, og gaf sig á tal við hann. Kvaðst hann heita Jón Kristjánsson og vera skipstjóri á m/b Freyju. Þá kvaðst hann vera meiddur á handlegg og slæmur í höfði og bað hann Samúel um að lána honum kr. 320.00 fyrir lyfjum, sem hann þyrfti að leysa út, og myndi hann endurgreiða lánið kl. 15.30 sama dag. Varð úr, að Samúel lánaði honum kr. 325.00, sem hann eyddi í eigin þágu.

IX.

Sama dag og um getur í VIII. kafla fór ákærði að Sunnu-

braut 12 á Akranesi og spurði þann, sem kom þar til dyra, hverir byggju í húsinu og í næsta húsi. Var honum sagt, að uppi á lofti á Sunnubraut 12 byggji gamall maður, að nafni Björn Lárusson. Fór ákærði þá upp á loftið og hitti Björn þar. Heilsaði ákærði honum með nafni og mjög innilega og kvaðst vera skipstjóri og heita Jón Kjartansson. Jafnframt skýrði ákærði honum frá því, að hann væri hér í einkabifreið sinni, sem kona hans æki. Kvaðst hann vera peningalaus og bað Björn um að lána honum kr. 310,00, en kvaðst eiga peninga í Borgarnesi og fengi hann þá næsta dag. Sagðist hann vera búinn að eyða kr. 7.000.00 frá því að hann hefði farið frá Reykjavík, aðallega til jólagjafa. Björn féllst á að veita honum lánið, en hann var með kr. 400.00, og varð úr, að hann lánaði ákærða þá fjárhæð. Lofaði ákærði að endurgreiða Birni lánsupphæðina næsta dag.

X.

Klukkan að ganga 21 að kvöldi sama dags og um getur í VIII.—IX. kafla fór ákærði að Vesturgötu 77 á Akranesi og knúði dyra hjá hjónunum Jóni Péturssyni og Guðrúnu Jóhannesdóttur, sem þar bjuggu. Guðrún kom til dyra og gekk ákærði þá óboðinn inn í stofu. Spurði hann fyrst eftir Jóni, en þegar Guðrún hafði sagt honum, að hann væri eigi heima, kvaðst ákærði hafa ætlað að biðja hann um peningalán og bað Guðrúnu um 350 króna lán. Kvaðst ákærði vera bróðir Páls Gíslasonar yfirlæknis og vera að festa sér íbúð hér með aðstoð hans. Einnig kvaðst hann vera á m/b Höfrungi. Guðrún var treg til að veita honum lánið, en þó varð úr, að hún sótti peningabuddu sína, sem í voru kr. 1.200.00, þar af einn eitt þúsund króna seðill. Bað ákærði eindregið um kr. 1.000.00, þegar hann sá seðilinn. Lét hún loks undan og afhenti honum þá fjárhæð að láni. Fór hann við svo búíð út og svaraði Guðrúnu ekki, þegar hún ítrekaði við hann að endurgreiða henni lánið fljótt.

Ákærði hefur hvorki endurgreitt nefndar kr. 1.000.00 né aðrar þær fjárhæðir, sem hann fékk samkvæmt því, sem að framan er rakið, nema kr. 220.00 Önnu Svanhildi Daniélsdóttur.

XI.

Verknaður sá, sem ákærði er ákærður fyrir í ákæru, dags. 19. júní s.l. og hann er uppvís að, sbr. I. kafla hér að framan, þykir varða við 250. gr. 1. mgr. 2. t. almennra hegningarlaga nr 19, 12. febrúar 1940 og með tilvísun til 118. gr. 3. mgr. laga

nr 82, 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála, verður honum gerð refsing samkvæmt þeirri grein. Þá hefur ákærði með atferli sínu, sem rakið er í II., IV. og VI.—X. kafla hér að framan, gerzt brotlegur gegn 248. gr. hegningarlaganna og með atferli sínu, sem lýst er í III. kafla hér að framan, hefur hann brotið gegn 155. gr. og 248. gr. sömu laga. Loks þykir atferli ákærða, sem rakið er í V. kafla hér að framan, varða við 248. gr. hegningarlaganna, eins og í ákæru, dags. 11. f. m., segir, og þar að auki við 155. gr. sömu laga, en ákærða verður ekki gerð refsing samkvæmt þeirri grein, þar eð hann er ekki ákærður fyrir að hafa gerzt brotlegur gegn henni.

Refsingu ákærða ber að meta með hliðsjón af 77. gr. 1. mgr. og með sérstöku tilliti til 72. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans samkvæmt því og að öðru leyti með tilvísun til mála-vaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði.

Ákærði hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan 17. desember s.l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi varðhaldsvist hans að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Eftirtaldar fébótakröfur hana komið fram á hendur ákærða í málinu:

1. Frá Christian Christiansen kr. 400.00, sbr. I. kafla.
2. Frá Agnari Guðmundssyni Breiðfjörð kr. 410.00, sbr. III. kafla.
3. Frá Guðnýju Þórðardóttur kr. 500.00, sbr. IV. kafla.
4. Frá Jóni Brynjólfssyni kr. 500.00, sbr. V. kafla.
5. Frá Haraldi Böðvarssyni & Co. samtals kr. 1.342.00, sbr. VII. kafla.
6. Frá Samúel Guðmundssyni kr. 325.00, sbr. VIII. kafla.
7. Frá Birni Lárussyni kr. 400.00, sbr. IX. kafla.
8. Frá Guðrúnu Jóhannesdóttur kr. 1.000.00, sbr. X. kafla.

Ákærði hefur ýmist samþykkt bótakröfur þessar eða ekki andmælt þeim, og verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði sæti fangelsi í 20 mánuði.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 17. desember 1962 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði 1) Christian Christiansen kr. 400.00, 2) Agn-

ari Guðmundssyni Breiðfjörð kr. 410.00, 3) Guðnýju Þórðardóttur kr. 500.00, 4) Jóni Brynjólfssyni kr. 500.00, 5) Haraldri Böðvarssyni & Co. kr. 1.342.00, 6) Samúel Guðmundssyni kr. 325.00, 7) Birni Lárussyni kr. 400.00 og Guðrúnu Jóhannesdóttur kr. 1.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. júní 1963.

Nr. 18/1963. **Ákærvaldið**

(Saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)
gegn

Sturlu Eiríkssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Skúli Thorarensen, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu dómsins hefur framhaldsrannsókn farið fram, ný vitni hafa verið leidd og lögregluþjónarnir Páll Lárusson Rist og Gunnar Randversson hafa gefið framhaldsskýrslur og staðfest framburði sína með eiði.

Eins og í héraðsdómi greinir, fundust í blóði ákærða reducerandi efni, er samsvara 2,10% af alkóhóli, er blóð var tekið úr honum, eftir að lögreglumennirnir höfðu komið að honum sofandi í bifreið hans utan vegarins skammt sunnan Lónsbrúar, en þangað höfðu lögreglumennirnir farið til að aðgæta bifreið hans eftir ábendingu Jóhannesar Reykjalíns Kristjánssonar, en ekki Snorra Kristjánssonar bróður hans, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Með gögnum þeim, sem fram eru komin í málinu, verð-